

AUGLÝSING

um tollflokkun á kornvörum.

Ráðuneytið tilkynnir hér með, að ákveðið hefur verið að eftirfarandi skuli gilda um tollflokkun kornvara í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

1001.1009, 1001.9009, 1002.0009, 1003.0009, 1004.0009, 1005.9009, 1007.0009,
1008.1009, 1008.2009, 1008.3009, 1008.9009, 1101.0029, 1102.2009, 1102.3009,
1102.9019, 1102.9029, 1103.1109, 1103.1209, 1103.1319, 1103.1329, 1103.1909,
1103.2109, 1103.2909, 1104.1109, 1104.1229, 1104.1909, 1104.2109, 1104.2229,
1104.2309, 1104.2909, 1104.3009, 1213.0019 og 1213.0029.

Undir ofangreind tollskrárnúmer skal einungis heimilt að tollflokka kornvörur sem flokkast undir ofangreinda vöruliði tollskrárinnar, þ.e.a.s. fyrstu fjóra tölustafina í tollskrárnúmerinu, og ekki eru ætlaðar fódurs eða fóðurgerðar. Einungis er því heimilt að tollflokka kornvöru undir ofangreind tollskrárnúmer sé hún ætluð til manneldis án frekari vinnslu eða vinnslu annarrar en fóðurgerðar. Ennfremur er heimilt að tollflokka undir ofangreind tollskrárnúmer kornvörur, sem einungis er ætlað til þess að fódra gæludýr.

Flokki innflytjandi vöru undir ofangreind tollskrárnúmer telst hann hafa gefið yfirlýsingu um að varan sé eingöngu til manneldis og verði eingöngu notuð eða seld til þeirra nota eða til nefndrar framleiðslu innanlands. Selji innflytjandi vöruna heildsala, smásala eða framleiðenda nefndra framleiðsluvara, skal innflytjandi því aðeins afhenda kaupanda vöruna að kaupandi skrifi undir yfirlýsingu þess efnis, að hann muni eingöngu nota vöruna samkvæmt þeim skilmálum sem tollflokkun hennar var byggð á við innflutning. Sé í vörusendingu vara sem bæði er ætluð til fódurs eða fóðurgerðar og til annarra nota er innflytjanda heimilt að skipta upp vöru í aðflutningsskýrslu í viðeigandi tollskrárnúmer. Þeir sem fá vörur tollafgreiddar eða kaupa vörur til endursölu eða til nota við framleiðslu nefndra framleiðsluvara samkvæmt auglýsingu þessari skulu halda reikningum og öðrum gögnum varðandi vörunar aðgreindum í bókhaldi sínu sem tollyfirvöld skulu jafnan hafa aðgang að telji þau ástæðu til eftirlits eða rannsóknar á þeim. Skulu þeir veita tollyfirvöldum upplýsingar um sölu, notkun eða aðra ráðstöfun varanna sé þess óskað.

Með sömu skilmálum og um ræðir hér að framan um ofangreindar vörur í 10., 11. og 12. kafla tollskrárinnar er tollstjóra heimilt að fella niður toll af vörum í 23. kafla tollskrárinnar.

Komi í ljós við rannsókn tollyfirvalda að innflytjandi eða aðrir, sem notið hafa tollívilnana samkvæmt auglýsingu þessari, hafi misnotað ívilnunina skulu þeir þegar, að kröfu tollyfirvalda, greiða full aðflutningsgjöld af þeim vörum sem misnotaðar hafa verið ásamt viðurlögum samkvæmt 134. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma og skulu þeir reiknaðir frá tollafgreiðsludegi. Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m.a. varðað við 126. og 130. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Tollstjórum skal heimilt að endurgreiða innflytjanda toll af þeim vörusendingum sem tollafgreiddar hafa verið frá og með 1. júlí 1995 enda lýsi innflytjandi því yfir að skilmálar þeir, sem kveðið er á um í auglýsingu þessari skuli í einu og öllu gilda um þær vörusendingar sem endurgreitt er af.

Fjármálaráðuneytið, 10. júlí 1995.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Hermann Jónasson.